



## REGLUGERÐ UM ÍSLANDSMÓT GOLFKLÚBBA Í FLOKKUM 14 ÁRA OG YNGRI

### 1. kafli

#### 1. gr.

GSÍ gengst árlega fyrir sveitakeppni í flokkum 14 ára og yngri.

#### 2. gr.

Stjórn GSÍ skal auglýsa mótin og hafa yfirumsjón með framkvæmd þeirra. Hún skal skipa menn í mótisstjórn í samráði við klúbbinn þar sem mótið fer fram a.m.k. einum mánuði fyrir mótið. Viðkomandi klúbbur skal skipa a.m.k. einn dómara og leggja dómurum og mótisstjórn til golfbíla, talstöðvar eða önnur fjarskiptatæki og sjá um kostnað vegna mótisstjórnar og dómara. Framkvæmd mótsins skal vera í samræmi við lágmarkskröfur í viðauka I.

#### 3. gr.

Stjórn GSÍ ákveður þáttökugjöld sem renna til klúbbsins þar sem mótið fer fram.

GSÍ á allan rétt gagnvart ljósvakamiðlun frá mótinu. Klúbburinn þar sem mótið fer fram skal útvega fjölmiðlum viðeigandi aðstöðu í klúbbhúsi. Stjórn GSÍ hefur rétt til að kynna samstarfsaðila sína á þeim golfvöllum sem mótið fer fram, í formi skilta, með fánum eða öðrum þeim hætti sem stjórn GSÍ ákveður. Þá skal merki GSÍ ávallt koma fram á öllu því efni sem útgefið er í sambandi við mótið og jafnframt vörumerki þeirra aðila sem eru samstarfsaðilar GSÍ að mótinu.

#### 4. gr.

Þátttaka skal tilkynnt GSÍ fyrir 1. júní. Upphæð þáttökugjalda, gjalddagar og annað slíkt skal ákveðið af mótisstjórn.

Nöfn leikmanna skal tilkynna til mótisstjórnar í síðasta lagi kl. 9:00 daginn fyrir fyrsta leikdag. Hafi nafnalisti ekki borist í tíma er mótisstjórn heimilt að gefa klúbbi 6 tíma frest, en að honum loknum telst sveitin hafa fyrirgert keppnisrétti sínum.

Þátttaka í Íslandsmóti golfklúbba er jafnframt bundin því skilyrði að golfklúbbur sem skráir sveit til keppni samþykki að veita GSÍ aðgang að keppnisvelli sínum til að halda að lágmarki eitt mót á vegum GSÍ á næsta keppnisári, eftir nánara samkomulagi við stjórn GSÍ.

#### 5. gr.

Almennir keppnisskilmálar og almennar staðarreglur, sem stjórn GSÍ setur, skulu gilda í mótinu. Mótisstjórn getur þó auglýst viðbætur og frávik ef þörf krefur. Jafnframt skal hún hafa eftirlit með merkingum vallar og holustaðsetningum og getur ákveðið breytingar. Þá getur mótisstjórn ákveðið að fresta eða fella niður umferð eða umferðir vegna veðurs. Staðarreglur og keppnisskilmálar skulu vera fyrir hendi þegar á fyrsta æfingadegi.



## 6. gr.

Hver klúbbur sem sendir leikmenn á mótið skal tilnefna liðsstjóra. Liðsstjóri skal gæta hagsmuna keppenda viðkomandi klúbbs og koma fram fyrir þeirra hönd gagnvart mótssjórn, þó ekki umfram það sem golfreglur heimila.. Liðsstjóri skal fyrir hönd viðkomandi klúbbs vera ábyrgur fyrir greiðslu þátttökugjalds.

## 2. kafli

## 7. gr.

Leikið skal í eftirfarandi flokkum:

Telpur 14 ára og yngri      Forgjöf 45 og lægra, leikið af fremstu teigum.  
Drengir 14 ára og yngri      Forgjöf 45 og lægra, leikið af fremstu teigum.

Aldur miðast við almanaksár.

Mótssjórn ákveður hámarksfjölda sveita í hverjum flokki.

Mótssjórn getur ákveðið aðra teigskipan, t.d. með tilliti til lengdar vallar sem leikið er á.

Mótssjórn getur fellt niður keppni í einstökum flokkum ef þátttökulið eru færri en þrjú.

## 8. gr.

Sveitir skulu skipaðar allt að sex leikmönnum, þar sem fjórir leika í hverri umferð. Fjórir leikmenn leika í höGGLEIK og tveir eða þrír í hverjum leik að höGGLEIKNUM loknum.

Ef takmarka þarf heildarfjölda sveita skulu A sveitir hvers klúbbs hafa forgang, því næst B sveitir hvers klúbbs o.s.frv. Þurfi að velja á milli sveita með sama forgang skal hlutkesti ráða.

Sækja má um heimild til mótastjóra GSÍ um að tveir eða fleiri klúbbar sendi sameiginlega sveit til keppni ef ekki reynist unnt að manna sveit til keppinnar.

Sækja má um undanþágu til mótssjórnar ef leikmaður uppfyllir ekki forgjafarskilyrði.

Sækja má um heimild til mótssjórnar að senda blandaða sveit stúlkna og pilta. Sé slík heimild veitt telst sveitin leika í piltaflokki, piltar leika af teigum pilta og stúlkur af teigum stúlkna.

## 9. gr.

Hljóti keppandi frávísunarvíti í einhverri umferð keppinnar tekur vítið einungis til viðkomandi umferðar, nema mótssjórn ákveði annað.

Hljóti sveit frávísun úr keppninni í heild sinni áður en riðlakeppni lýkur skulu úrslit leikja sem hún hefur leikið fyrir í riðlakeppninni falla niður og hafa þar af leiðandi ekki áhrif á úrslit mótsins.



### **10. gr.**

Kylfuberrar eru óheimilir. Þó mega leikmenn sem ekki eru að leika vera kylfuberrar fyrir liðsfélaga sína.



## 11. gr.

Keppnin skiptist þannig:

- a) Höggleikur, ein 18 holu umferð.
- b) Riðlar A og B leika holukeppni, fjórar 18 holu umferðir.
- c) Riðlar C og D leika tveggja manna 9 holu Texas scramble höggleik. Leiknar eru 9 holur, sem skiptast upp í þrjá þriggja holu leiki. Hver þriggja holu leikur gefur eitt flagg. Hver keppandi verður að leika að minnsta kosti eitt flagg (3 holur).

Mótsstjórn ákveður holufjölda í hverri umferð. Holufjöldi í umferð getur verið ólíkur milli flokka og riðla. Mótsstjórn hefur heimild til að ákveða fjölda umferða með tilliti til fjölda liða.

Tímaáætlun skal tilkynnt liðsstjórum í síðasta lagi á liðsstjórafundi.

Ef sex eða færri sveitir mæta til leiks skal fella niður höggleikinn og allar sveitirnar leika innbyrðis. Sjá nánar í viðauka III.

Í höggleik telja samanlögð þrjú bestu skor í öllum flokkum. Verði skor sveita jöfn, ræður skor 4. manns úrslitum. Verði skor sveita enn jöfn skal lægsta skor ráða úrslitum. Ef ekki fæst niðurstaða með þessari aðferð ræður hlutkesti.

Úrslit úr höggleik ráða niðurröðun í riðla, samkvæmt viðauka II.

Í 4 sveita riðlum skulu sveitir leika þannig saman:

1. umf 2. umf. 3. umf.

2-3 2-4 3-4

1-4 1-3 1-2

Í 3 sveita riðlum skulu sveitir leika þannig saman:

1. umf 2. umf. 3. umf.

1-3 2-3 1-2

Mótsstjórn ákveður leikröð í hverri umferð.

Að riðlakeppni lokinni leikur:

4. sæti A riðils við 4. sæti B riðils um 7. sæti.

3. sæti A riðils við 3. sæti B riðils um 5. sæti

2. sæti A riðils við 2. sæti B riðils um 3. sæti

1. sæti A riðils við 1. sæti B riðils um 1. sæti

4. sæti C riðils við 4. sæti D riðils um 15. sæti.

3. sæti C riðils við 3. sæti D riðils um 13. sæti

2. sæti C riðils við 2. sæti D riðils um 11. sæti

1. sæti C riðils við 1. sæti D riðils um 9. sæti

o.s.frv.

## 12. gr.

Í höggleikskeppninni skal sveitum skipt í forgjafarhópa, þar sem dregið er um rásröð sex



forgjafarlægstu sveitanna, þá næstu sex forgjafarlægstu sveitanna, og koll af kalli eftir fjölda þátttökusveita. Miðað skal við fjórar lægstu forgjafir hvernar sveitar. Ef fjórar lægstu forgjafir sveita eru jafnar skal hlutkesti ráða. Hópur forgjafarlægstu sveitanna skal ræstur út fyrst og forgjafarhæstu seinast.

Í hverjum ráshópi skulu þó aldrei vera fleiri en einn leikmaður úr hverri sveit. Liðsstjórar skulu tilkynna skriflega til mótssjórnar röð leikmanna sinna, ekki síðar en kl. 20.00 daginn fyrir fyrstu umferð.

Í holukeppni liða í A og B riðli skal liðsstjóri tilkynna skriflega til mótssjórnar skipan liðs síns í fyrstu umferð eigi síðar en 30 mín. eftir að högggleik er lokið. Ef ekki er um högggleik að ræða skal tilkynna mótssjórn um liðsskipan í 1. umferð eigi síðar en kl. 20.00 daginn fyrir 1. umferð. Í síðari umferðum skal tilkynning hafa borist mótssjórn innan 30 mín. eftir að leik viðkomandi sveitar lauk í umferðinni á undan.

Mótssjórn skal birta ráslista með nöfnum leikmanna jafnskjótt og liðsstjórar beggja sveita í viðureign hafa skilað liðsskipan til mótssjórnarinnar, en þó ekki fyrr en 2 klst. fyrir fyrsta rástíma umferðarinnar.

Eftir að ráslisti með nöfnum leikmanna hefur verið birtur má ekki breyta liðsskipan. Hver leikur er einn fjórmenningur og tveir tvímenningar hver á eftir öðrum. Ef leikir í riðlakeppni standa jafnir að loknum 18 holum, þá teljast jafnir leikir helmingaðir. Í úrslitaleikjum um sæti skal leik haldið áfram þangað til úrslit nást.

Hver leikur gefur eitt stig. Úrslit ráðast á fjölda þeirra stiga sem sveitir hljóta í keppninni. Sú sveit vinnur sem hlýtur flest stig. Verði sveitir jafnar að stigum, ræður innbyrðis leikur. Ef enn er jafnt ræður fjöldi unninna fjór og tvímenninga, röð. Ef ekki fást úrslit eins og að framan greinir, skal leika bráðabana um röð í verðlaunasæti. Hver sveit teflir fram einu fjórmenningssliði.

Riðlar C, D og neðar leika tveggja manna Texas Scramble högggleik, þrjár 9 holu umferðir. Að því loknu úrslitaleik um sæti sem er tveggja manna Texas Scramble högggleikur, ein 9 holu umferð.

Ef fjórar sveitir eða færri eru í deild falla úrslitaleikir niður.

Tímaáætlun skal tilkynnt liðsstjórum í síðasta lagi á liðsstjórafundi.

### **13. gr.**

Í Texas Scramble skal liðsstjóri tilkynna skriflega til mótssjórnar skipan liðs síns í fyrstu umferð eigi síðar en 30 mín. eftir að högggleik er lokið. Ef ekki er um högggleik að ræða skal tilkynna mótssjórn um liðsskipan í 1. umferð eigi síðar en kl. 20.00 daginn fyrir 1. umferð. Í síðari umferðum skal tilkynning hafa borist mótssjórn innan 30 mín. eftir að leik viðkomandi sveitar lauk í umferðinni á undan. Í Texas Scramble getur lið verið skipað tveimur eða þremur leikmönnum í hverri umferð. Tveir leikmenn leika hverju sinni og er þá þriðji



leikmaðurinn varamaður.

Mótsstjórn skal birta ráslista með nöfnum leikmanna jafnskjótt og liðsstjórar beggja sveita í viðureign hafa skilað liðsskipan til mótsstjórnarinnar, en þó ekki fyrr en 2 klst. fyrir fyrsta rástíma umferðarinnar.

Ef leikmaður forfallast þannig að hann geti ekki leikið í mótinu, má liðsstjóri kalla til varamann sem ekki var skráður á leikmannalista fyrir mótið.

Eftir að ráslisti með nöfnum leikmanna hefur verið birtur má ekki breyta liðsskipan.

#### **14. gr.**

Leikröð í ráshóp í högggleik ræðst af þeim útdrætti sem fór fram um rásröð. Nr. 1 slær fyrstur, næstur nr. 2 og síðan koll af kolli. Í holukeppni og Texas Scramble ákveður mótsstjórn leikröð.

Í riðlum C og D er hver viðureign tveggja klúbba í deildakeppni og úrslitaleikjum tveir leikir sem leiknir eru með Texas Scramble högggleiks fyrirkomulagi.

Leiknar eru 9 holur, sem skiptast upp í þrjá þriggja holu leiki. Hver þriggja holu leikur gefur eitt flagg. Hver keppandi verður að leika að minnsta kosti eitt flagg (3 holur).

Hver viðureign gefur 1 stig því liði sem sigrar. Alls eru 6 flögg í pottinum og það lið sem leikur á færri höggum samtals hvern þriggja holu leik vinnur það flagg. Það lið sem vinnur fleiri flögg samtals vinnur viðureignina og eitt stig. Ef lið leika þriggja holu leik á jafn mörgum höggum fær hvort lið hálf flagg. Ef lið skilja jöfn með 3 flögg fær hvort lið hálf stig.

Mótsstjórn ræður röð leikja.

Ef leikir í riðlakeppni eða þegar allir leika við alla eru jafnir eftir lokaholuna í umferðinni skal leik hætt og hvort lið fær hálf stig. Í úrslitaleikjum skal leika alla leiki til úrslita nema ef röð sveitanna er orðin ljós, þá teljast jafnir leikir eftir lokaholuna í umferðinni helmingaðir. Það lið sem hlýtur flest stig í hverri deild sigrar viðkomandi deild. Hljóti tvö lið jafnmörg stig í efsta sæti ræður innbyrðis viðureign. Ef innbyrðis viðureign var jöfn eða ef fleiri en tvö lið fá jafnmörg stig, fær það lið sem vinnur fleiri flögg efra sætið. Ef enn er jafnt skal leika bráðabana þar sem tvö lið frá hverjum klúbba leika og ræður samtals höggafjöldi holu sem leikin er úrslitum.

#### **16. gr.**

Það lið sem hlýtur flest stig í holukeppni fær titilinn Íslandsmeistari golfklúbba 14 ára og yngri.

Það lið sem vinnur flest stig í Texas scramble fær titilinn Deildarmeistari 14 ára og yngri.

#### **17. gr.**

Að öðru leyti gilda Móta- og keppendareglur GSÍ.



*Þannig samþykkt af stjórn GSÍ 20. apríl 2026.*



## VIÐAUKI I

### Kröfur um framkvæmd og umgjörð

Eftirfarandi lágmarkskröfur eru gerðar til mótsstjórnar um framkvæmd og umgjörð mótsins.

#### 1. Fánar

Á mótsstað skal flagga a.m.k. íslenska fánanum, fána klúbbsins þar sem mótið fer fram og fána GSÍ. Auk þess skal flagga fánum þátttökuklúbba, ef slíkir fánar eru tiltækir.

#### 2. Ræsing

Fulltrúi mótsstjórnar skal sjá um ræsingu allra ráshópa. Ræsir skal m.a. tryggja að réttir leikmenn séu ræstir út í hverjum leik, í samræmi við áður tilkynnta liðsskipan.

#### 3. Móttaka skorkorta

Í höggleik skal vera til staðar afmörkuð aðstoða fyrir leikmenn til að yfirfara og skila skorkortum. Starfsmaður mótsstjórnar skal vera til staðar og aðstoða leikmenn. Starfsmaðurinn skal m.a. bera skor leikmanna undir þá og tryggja að engu sé ábótavant í útfyllingu skors og undirritun skorkorta.



## VIÐAUKI II

### Niðurröðun í riðla

Töflurnar sýna hvernig sveitir raðast í riðla eftir árangri í högggleik.

Dæmi: Ef sjö sveitir mæta til leiks verða sveitir sem höfnuðu í 1., 4., 5. og 7. sæti í högggleiknum í A riðli og í B riðli verða sveitir sem höfnuðu í 2., 3. og 6. sæti í högggleiknum.

7 sveitir:

A	B
1	2
4	3
5	6
7	

8 sveitir:

A	B
1	2
4	3
5	6
8	7

9 sveitir:

A	B	C
1	2	7
4	3	8
5	6	9

10 sveitir:

A	B	C
1	2	7
4	3	8
5	6	9
		10

11 sveitir:

A	B	C
1	2	9
4	3	10
5	6	11
8	7	



12 sveitir:

A	B	C
1	2	9
4	3	10
5	6	11
8	7	12

13 sveitir:

A	B	C	D
1	2	8	9
4	3	11	10
5	6	12	13
7			

14 sveitir:

A	B	C	D
1	2	9	10
4	3	12	11
5	6	13	14
8	7		

15 sveitir:

A	B	C	D
1	2	9	10
4	3	12	11
5	6	13	14
8	7	15	

16 sveitir:

A	B	C	D
1	2	9	10
4	3	12	11
5	6	13	14
8	7	16	15

17 sveitir:

A	B	C	D	E
1	2	9	10	15
4	3	12	11	16
5	6	13	14	17
8	7			



18 sveitir:

A	B	C	D	E
1	2	9	10	15
4	3	12	11	16
5	6	13	14	17
8	7			18

19 sveitir:

A	B	C	D	E
1	2	9	10	17
4	3	12	11	18
5	6	13	14	19
8	7	16	15	

20 sveitir:

A	B	C	D	E
1	2	9	10	17
4	3	12	11	18
5	6	13	14	19
8	7	16	15	20

21 sveitir:

A	B	C	D	E	F
1	2	9	10	16	17
4	3	12	11	19	18
5	6	13	14	20	21
8	7	15			

22 sveitir:

A	B	C	D	E	F
1	2	9	10	17	18
4	3	12	11	20	19
5	6	13	14	21	22
8	7	16	15		

23 sveitir:

A	B	C	D	E	F
1	2	9	10	17	18
4	3	12	11	20	19
5	6	13	14	21	22
8	7	16	15	23	



24 sveitir:

A	B	C	D	E	F
1	2	9	10	17	18
4	3	12	11	20	19
5	6	13	14	21	22
8	7	16	15	24	23

25 sveitir:

A	B	C	D	E	F	G
1	2	9	10	17	18	23
4	3	12	11	20	19	24
5	6	13	14	21	22	25
8	7	16	15			

26 sveitir:

A	B	C	D	E	F	G
1	2	9	10	17	18	23
4	3	12	11	20	19	24
5	6	13	14	21	22	25
8	7	16	15			26

27 sveitir:

A	B	C	D	E	F	G
1	2	9	10	17	18	25
4	3	12	11	20	19	26
5	6	13	14	21	22	27
8	7	16	15	24	23	

28 sveitir:

A	B	C	D	E	F	G
1	2	9	10	17	18	25
4	3	12	11	20	19	26
5	6	13	14	21	22	27
8	7	16	15	24	23	28



### VIÐAUKI III Leikröð ef sex sveitir eða færri

Ef sex eða færri sveitir mæta til leiks skal fella niður höggleikinn og allar sveitirnar leika innbyrðis.

Sveitunum er þá raðað eftir samanlagðri forgjöf fjögurra forgjafarlægstu leikmanna hverrar sveitar. Ef fjórar lægstu forgjafir sveita eru jafnar skal hlutkesti ráða.

Forgjafarlægsta sveitin er nr. 1, sú næst lægsta nr. 2 o.s.frv. Sveitir mætast þannig í hverri umferð:

**3 sveitir:**

1. umferð	2. umferð	3. umferð
1 gegn 2	2 gegn 3	3 gegn 1
(Yfirseta: 3)	(Yfirseta: 1)	(Yfirseta: 2)

**4 sveitir:**

1. umferð	2. umferð	3. umferð
2 gegn 1	4 gegn 2	4 gegn 1
3 gegn 4	1 gegn 3	2 gegn 3

**5 sveitir:**

1. umferð	2. umferð	3. umferð	4. umferð	5. umferð
1 gegn 4	3 gegn 1	5 gegn 3	2 gegn 5	4 gegn 2
2 gegn 3	4 gegn 5	1 gegn 2	3 gegn 4	5 gegn 1
(Yfirseta: 5)	(Yfirseta: 2)	(Yfirseta: 4)	(Yfirseta: 1)	(Yfirseta: 3)

**6 sveitir:**

1. umferð	2. umferð	3. umferð	4. umferð	5. umferð
2 gegn 1	3 gegn 4	6 gegn 4	4 gegn 1	5 gegn 6
3 gegn 6	6 gegn 1	2 gegn 3	5 gegn 3	1 gegn 3
4 gegn 5	2 gegn 5	1 gegn 5	6 gegn 2	4 gegn 2